



Fundur í stjórn Listasafns Árnesinga, haldinn í Listasafni Árnesinga 15. mars 2024, kl. 8:00

Mætt eru:

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Kristín Scheving, safnstjóri, Njörður Sigurðsson, og Bjarni H. Ásbjörnsson sem skrifaði fundargerð.

Auk þeirra situr fundinn Arnar Leó Guðnason frá KPMG.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1) Ársuppgjör 2023, yfirferð með Arnari Leó frá KPMG.

Ársreikningur LÁ fyrir árið 2023 var lagður fram. Arnar Leó kynnti hann fyrir stjórn og safnstjóra.

Viðbótar lífeyrisskuldbindingar frá lífeyrissjóðnum Brú leggst á reksturinn sem veldur því að reksturinn er í tapi. Skuldbindingin er gjaldfærð í einu lagi, en eignfærð á móti. Greiða þarf mánaðarlega til lífeyrissjóðsins vegna þessara viðbótar skuldbindinga. Þessi skuldbinding nemur kr. 5.840 þúsund.

Rekstarniðurstaða er neikvæð um kr. 5.970 þúsund.

Eignir eru samtals kr. 31.219 þúsund. Eigið fé er neikvætt um kr. 776 þúsund.

Skuldir og skuldbindingar kr. 31.996 þúsund. Sjóðstreymi er jákvætt.

Umræður urðu um ársreikninginn, hann samþykktur og undirritaður.

Arnar fór af fundi.

- 2) Það sem framundan er hjá safninu í stuttu máli.

Kristín sagði frá starfinu sem framundan er á árinu. Mikil aðsókn var að opnun sýningar í upphafi ársins. Aukin aðsókn er að listasafninu. Fjölmargar opnanir verða á árinu og meðal þeirra er sýning sem fléttast saman við jarð- og veðurvísindi með fræðslu. Grunnskólar hafa í auknum mæli komið í heimsókn í safnið og er unnið að því að fá skóla sem eru lengra í burtu, t.d. af höfuðborgarsvæðinu í heimsóknir. Haldin verða styttri námskeið fyrir börn í sumar eins og áður.

Búið er að endurnýja þjónustusamning til þriggja ára við Hveragerðisbæ sem er dýrmætt fyrir safnið. Þakið á húsnæðinu lekur með þakgluggum og hefur verið reynt að tjaslað í það. En það er komið að því að leggja þarf í varanlegar viðgerðir.

3) Laun og kjör safnstjóra.

Rædd voru laun og kjör safstjóra og hugmyndir um hugsanlegar breytingar á þeim.


4) Önnur mál.


Kristín sagði frá því að nemendur í Garðyrkjuskóla ríkisins eru að vinna verkefni sem miðar að því að endurhanna lóð listasafnsins. Styrkur fékkst frá Orku náttúrunnar til verkefnisins. Lóðin verður byggð upp samkvæmt því í sumar.


Arna Ýr sagði frá því að fyrirhugað er að setja öll söfn innan Héraðsnefndar verði sett inn í eitt byggðasamlag frá og með næstu áramótum. Málið er í vinnslu og á byrjunarreit.


Tryggingarmál safna hafa verið í endurskoðun. Stjórn samþykkir að taka tilboði VÍS í bruna- og náttúruhamfaratryggingu fyrir listaverk.

Fundi slitið kl. 8:58


Arna Ír Gunnarsdóttir formaður


Bjarni H. Ásbjörnsson


Njórður Sigurðsson


Kristín Scheving, safnstjóri